



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um Stafrænt pósthólf FJR20060078
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	24. september 2020

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifapáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifapættir á fjárhag ríkissjóðs.**

Markmið laganna er að samskiptaleið stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila verði stafræn og munu stjórnvöld því senda sem minnstan pappír frá sér. Þá er markmiðið að árið 2021 verði 70% af öllum útsendum samskiptum í gegn um stafrænt pósthólf en árið 2025 verði 100% útsendra samskipta á stafrænu formi. Hið opinbera kemur til með að spara og hagræða vegna breytts umhverfis sem mun hafa jákvæð áhrif á umferð, kolefnislosun og tíma almennings. Auk þess kemur hið opinbera til með að spara gífurlega við útgjöld en sem dæmi eru pósthólfargjöld ríkisins um 439 milljónir á ári. Pósthólfargjöldin eru aðeins hluti af þeim jákvæðu áhrifum sem verða fyrir ríkissjóð. Auk pósthólfargjalda verður sparnaður við umsýslu starfsmanna ríkisins, prentun og fleira. Má því ætla að með því að hið opinbera sendi gögn á stafrænu formi verði sparnaður fyrir ríkissjóð á bilinu 300 til 700 milljónir á ári.

Með innleiðingu þessara laga er fyrirjáanlegt að ríkisfyrirtækið Íslandspóstur ohf. mun verða af tekjum vegna samdráttar í pósthólfargjöldum. Félagið fór nýlega í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu, með stuðningi ríkissjóðs, vegna áhrifa af fækkun bréfpóstsendinga á reksturinn. Ef tekjuáhrifin leiða til neikvæðrar afkomu félagsins og lækkun á eigin fé mun það koma fram í ríkisreikningi. Hins vegar er ljóst að fyrrgreind þróun bréfpóstsendinga er með þeim hætti að félagið mun þurfa að kljást við afleiðingar hennar á næstu árum óháð þessari lagasetningu. Til skoðunar er að leggja sérstakt mat á það hve langan tíma það taki að innleiða verkefnið og hversu langan tíma það taki fyrir áhrifin að raungerast.

2. Tekjubreytingar

Ekki er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins komi til með að breytast.

3. Útgjaldabreytingar

Fyrst um sinn verða minni háttar útgjöld af hálfu ríkisins en þau verða helst í tengslum við hugbúnað og tölvuvinnslu þar sem stofnanir munu þurfa að tengjast gáttinni. Áætlaður kostnaður er 130 klst. tæknivinnu fyrir hverja stofnun að tengjast. Þó er gert ráð fyrir að sá kostnaður sparist fyrir hverja stofnun það sama ár en mun það sem dæmi skila sér til baka í kjölfar lækkunar á sendingarkostnaði og minni umsýslu við bréfasendingar. Komi til kostnaðar sem ekki sparast innan fjárlagaárs þá rúmast slík fjárfesting innan fjárlagaramma sem áætlaður er til Stafræns Íslands. Gert hefur verið ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárveitingum til verkefnastofu um Stafrænt Ísland.

Langtímamarkmið þjónustugáttarinnar er að hið opinbera sendi nær engin gögn frá sér á pappírformi heldur eingöngu rafrænt. Fjölmargar stofnanir hafa þegar framkvæmt þessar breytingar og sem dæmi eru greiðsluseðlar vegna bifreiðargjalda aðeins sendir rafrænt, en það

eru um 515 þúsund reikningar á ári sem sendir eru í tveimur skömmtum. Beinn sparnaður við þá ráðstöfun er um 72 milljónir á ári.

Óbeini kostnaður samfélagsins vegna núverandi fyrirkomulags er gríðarlega hár. Sem dæmi má nefna kostnað sem tengist meðhöndlun á reikningum, s.s. við að flokka umslögin, dreifa þeim innan fyrirtækja, opna þau og slá svo inn það sem stendur á reikningnum í tölvukerfi, sem áður hafði verið slegið á pappírinn. Það munar u.þ.b. 500 kr. á því að bóka reikning á pappír og að bóka hann rafrænt. Heildarsparnaður samfélagsins vegna áðurnefndra bifreiðargjalda er því um 260 m.kr. Hið opinbera sendir árlega um tvær og hálf milljón af reikningum og má því ætla að heildarsparnaður vegna óbeins kostnaðar tengdum reikningum sé í kring um milljarð.

Að hefja sendingar í pósthólfið mun spara ríkisaðilum umtalsverðar upphæðir í póstburðargjöldum og öðrum sendingarkostnaði. Fyrirkomulagið í dag er gríðarlega kostnaðarsamt en sem dæmi má nefna að árið 2019 var kostnaður við póstburðargjöld ríkisins 439 milljónir. Sá kostnaður mun koma til með að lækka gríðarlega í kjölfar breytts fyrirkomulags.

Með því að stafvæða stjórnsýsluna, m.a. með stafrænu pósthólfi, verður einnig til ávinningur á sviði loftslagsmála. Sem dæmi þá spöruðust um 150 þúsund kílómetrar af akstri og 19 tonn í minnkuðu kolefnisspori milli apríl og september 2020 við það að sýslumannsembættin settu nokkra tugi af eyðublöðum á stafrænt form.

Markmið laganna er að stjórnvöld sendi sem minnstan pappír frá sér. Það er því ljóst að hið opinbera kemur til með að spara og hagræða vegna breytts umhverfis og hafa jákvæð áhrif á umferð, kolefnislosun og tíma almennings.

4. Eignabreytingar

- Á ekki við.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

a) í gildandi fjárlögum.

Verkefnastofa um stafrænt Ísland hefur m.a. umsjón með rekstri og þróun pósthólfsins á Ísland.is og rúmast áframhaldandi þróun og rekstur þess innan núverandi fjárheimilda á fjárlögum. Fyrir hverja stofnun er ákveðinn kostnaður í upphafi við að tengjast pósthólfinu en gert er ráð fyrir að sá kostnaður sparist fyrir viðkomandi stofnun strax það sama ár. Það kemur því ekki til aukins kostnaðar fyrir stofnunina þegar litið er á árið í heild sinni. Komi til kostnaðar sem ekki sparast innan fjárlagaárs þá rúmast slík fjárfesting innan fjárlagaramma sem áætlaður er til Stafræns Íslands.

b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs

- Sjá lið a)

c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

- Sjá lið a)

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Eins og áður sagði munu útgjöldin verða fyrst um sinn við það að stofnunin tengist pósthólfinu. Í kjölfarið mun hins vegar draga gríðarlega úr öðrum útgjöldum sem fóru áður í að senda bréfpóst og mun sá sparnaður fljótt vega upp á móti útgjöldunum sem til kom til í

upphafi árs. Komi til kostnaðar sem ekki sparast innan fjárlagaárs, rúmast slík fjárfesting innan fjárlagaramma sem áætlaður er til Stafræns Íslands.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei. |

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

Með áformum að frumvarpi er verið að auka þjónustu við almenning og fyrirtæki þar sem stefnt er að því að hægt verði að nálgast öll skjöl frá stjórnvöldum á einum stað sem leiðir til einföldunar, aukins hagræðis og tímasparnaðar fyrir samfélagið í heild.

3. Samkeppnisskilyrði

Umfjöllun um samkeppnisskilyrði á ekki við. |

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011

Fari svo að sveitarfélögum verði gefinn kostur á að nýta sér pósthólfið til að senda gögn til einstaklinga og lögaðila þá mun það hafa jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaganna. Ekki liggur fyrir mat á umfangi þeirra áhrifa.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)

– Á ekki við

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000

– Á ekki við.

4. Áhrif á byggðalög

Stafræn þjónusta eykur aðgengi allrar landsbyggðar að þjónustu til jafns við þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök

- Á ekki við.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna

– Á ekki við.

7. Áhrif á lýðheilsu

- Á ekki við.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

- Á ekki við.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

- Á ekki við.

10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Áhrif á stjórnsýslu ríkisins verða töluverð þar sem sendingar gagna verða m.a. með öruggari hætti en áður, enda er lagt til að pósthólf viðkomandi einstaklings eða lögaðila verði tengt við kennitölur en ekki heimilisfang. Umsýsla póstsendinga verður töluvert einfaldari og hægt verður að senda póst í rauntíma en ekki með póstburði eins og áður hefur verið. Tugir stofnana nota pósthólfið nú þegar og hefur það reynst auðvelt. Talið er að ráðuneyti og stofnanir séu í stakk búin til að taka við verkefninu.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Þegar póstur berst inn um póstlúgur í dag er hætt við að þriðji aðili opni umslagið og lesi innihald þess. Með því að senda gögn í stafrænt pósthólf í þjónustugáttinni verður reynt að

sporna við því að aðrir en viðtakandi geti lesið gögn sem send eru, með því að nauðsynlegt sé að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum og verður pósthólfið því aðgangsstýrt. Er það afar mikilvægt, sérstaklega þegar um er að ræða viðkvæm gögn. Slíkt mun verða til hagsbóta fyrir flesta en ekki síst þá sem hafa áður þurft að lifa með því að póstur þeirra sem berst inn umbréfalúgu sé lesinn án samþykkis.

Til að tryggja að allir hafi aðgang að þjónustugáttinni og pósthólfinu munu þeir einstaklingar sem ekki geta fylgst sjálfir með gáttinni, s.s. sökum fötlunar, fá rúma heimild til að veita öðrum aðgang að sinni gátt.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Með því að stafvæða stjórnsýsluna, m.a. með stafrænu pósthólfi, verður einnig til ávinningur á sviði loftslagsmála. Sem dæmi þá spöruðust um 150 þúsund kílómetrar af akstri og 19 tonn í minnkuðu kolefnisspori milli apríl og september 2020 við það að sýslumannsembættin settu nokkra tugi af eyðublöðum á stafrænt form.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Með því að ríkið sendi gögn sín rafrænt mun sparnaður ríkissjóðs verða gríðarlegur. Eins og áður sagði er kostnaður við póstburðargjöld ríkisins um 439 milljónir á ári. Póstburðargjöldin eru aðeins hluti af þeim jákvæðu áhrifum sem verða fyrir ríkissjóð. Auk póstburðargjalda verður sparnaður við umsýslu starfsmanna ríkisins, prentun og fleira. Má því ætla að með því að hið opinbera sendi gögn á stafrænu formi verði sparnaður fyrir ríkissjóð á bilinu 300 til 700 milljónir á ári.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Hið opinbera kemur til með að spara og hagræða vegna breytts umhverfis sem mun hafa jákvæð áhrif á umferð, kolefnislosun og tíma almennings. Minni pappírnotkun þýðir einnig minna magn pappírs í úrgangspjónustu, minni afleiddan húsnæðiskostnað vegna pappírsskjalavistunar og betri rekjanleika í upplýsingagjöf.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Samfélagið hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi og síðustu mánuði, sérstaklega í kjölfar COVID19 faraldursins. Tækniþróun í fjarskipta- og upplýsingatækni hefur verið afar hröð og gert einstaklingum kleift að sækja sér upplýsingar og þjónustu hvar og hvenær sem er. Þá hefur tilkoma rafrænna skilríkja m.a. leitt til þeirra breytinga að fólk þarf síður að mæta í eigin persónu hjá hinum ýmsu stofnunum og lögaðilum. Samfélagslegur ávinningur verður því í formi hagræðis þar sem einstaklingar geta nálgast gögn sín hvar sem er og hvenær sem er óháð t.d. ferðalögum og verður pósthólfið aðgangsstýrt sem er til hagsbóta fyrir marga. Mun breytt fyrirkomulag vera til mikilla hagsbóta fyrir almennung en ekki síður hið opinbera.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR? Nei.

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma? Já, ekki hafa verið gerðar breytingar á helstu efnisatriðum frá frummati.

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

- Á ekki við.